**Ed.** **Breytingartillaga** **375.** [190. mál]

við frv. til laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Heimilt er að endurgreiða útflutningsgjald samkvæmt lögum þessum af frystum karfaflökum, sem framleidd voru á tímabilinu 1. júní til 30. september 1972, svo og af frystri síld framleiddri á árinu 1972. Einnig er heimilt að endurgreiða útflutningsgjald af saltsíld framleiddri á árinu 1972 og 1973 og af þurrkuðum saltfiski framleiddum á árinu 1973.

Þá skal sjávarútvegsráðherra heimilt að ráðstafa útflutningsgjaldi af saltaðri síld og flökum úr saltaðri síld, sem flutt er út á árinu 1972, til síldarútvegsnefndar, m. a. vegna kostnaðar við öflun markaða fyrir saltaða síld af fjarlægum miðum.